



## Skýrsla Félags framhaldsskólakennara lögð fyrir Fulltrúafund

þann 19. mars 2015

### FORMÁLI

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir starfsemi Félags framhaldsskólakennara (FF) á árinu 2014-2015. En lok skýrslunnar eru miðuð við 1. mars 2015. Meginverkefni þessa tímabils var vinna að kjarasamningum og vinnumati en starfstímabilið hófst á aðalfundi félagsins sem var haldinn 20.-21. mars 2014 í miðju verkfalli FF og FS. Í lok árs 2014 voru félagar í FF um 1800. Félagið er þriðja fjölmennasta aðildarfélag Kennarasambands Íslands.

### STJÓRN FF

Stjórn hefur haldið 14 fundi frá stjórnarskiptum á aðalfundi 2014. Á vinnufundi þann 30. ágúst kom stjórn saman og setti sér starfsáætlun út kjörtímabilið.

Fókuspunktur stjórnar og samninganefndar hefur verið vinna við mótun nýs vinnumats. Samkvæmt kjarasamningi frá 4. apríl 2014 var skipuð verkefnisstjórn um nýtt vinnumat framhaldsskólakennara (sjá skýrslu verkefnisstjórnar). Fulltrúar KÍ í verkefnisstjórninni voru Reynir Þór Eggertsson ritari stjórnar (FF) og Elna Katrín Jónsdóttir, sérfræðingur (FF) og svo Stefán Andrésson (FS). Samhliða fór fram samningagerð um aðlögun kjarasamningsákvæða að efni um nýtt vinnumat.

Nýtt vinnumat var lagt í atkvæðagreiðslu meðal félagsmanna dagana 23. febrúar til 27. febrúar (sjá skýrslu kjörstjórnar). Nýtt vinnumat var fellt í atkvæðagreiðslum um kjarasamninga við ríkið og við Tækniskólann en samþykkt í Verzlunarskóla Íslands og Menntaskóla Borgarfjarðar.

Þegar úrslit voru ljós boðaði ríkissáttasemjari samningsaðila vegna ríkiskjarasamnings til fundar enda samningur sá er felldur var hluti kjarasamnings sem gerður var vorið 2014 eftir vísun til ríkissáttasemjara.

Í bókun 1 með kjarasamningi frá 4. apríl er kveðið á um 0,1% iðgjald til mennta- og fræðslusjóða og á með því fé að stuðla að aukinni þekkingu um mannauðsmál og styrkja stöðu þeirra sem starfa í umboði Kennarasambands Íslands í framhaldsskólum. Á árinu 2014 innheimtust 5,3 milljónir og hefði mátt gera ráð fyrir að á árinu 2015 hefði þessi upphæð

orðið í kring um 8 milljónir en um það er ósamið. Hér gæti því verið um talsverða upphæð að ræða sem er til þess fallin að styrkja innra starf félagsins með ýmsum hætti. Nú þegar hefur stjórn FF ákveðið að hluti þessa fjár renni beint til félagsdeildanna vegna margskonar mannauðstengdra verkefna (sjá bréf til formanna félagsdeilda frá stjórn) og þannig ætlað að styrkja liðsheild kennara á hverjum stað.

Stjórn og starfsfólk FF mun heimsækja höfuðstöðvar alþjóða kennarasamtakanna EI og ETUCE í júní næstkomandi en höfuðstöðvar samtakanna eru í Brüssel. Tilgangur ferðarinnar er að kynna starfi samtakanna og skoða möguleg tækifæri okkar varðandi samstarf og þá sérstaklega innan Evrópu.

Fyrirhugað er að halda námskeið í samningatækni fyrir fulltrúa félagsins í samstarfsnefndum og forystu félagsins með haustinu.

## **STEFNA OG ÁHERSLUR STJÓRNAR FF KJÖRTÍMABILID 2014 TIL 2018**

### **SAMPYKKT 29. ÁGÚST 2014**

### **BYGGT Á SAMPYKKTUM AÐALFUNDAR 20. – 21. MARS SAMA ÁR.**

#### **Samþykktir aðalfundar:**

- Félag framhaldsskólakennara leggur áherslu á lýðræðislega starfshætti, jafnrétti og ábyrgð í störfum. Fagmennska, siðareglur kennara og samheldni eru þeir hornsteinar sem byggja ber á.
- Félagið tekur virkan þátt í samstarfi innan Kennarasambandsins og gætir hagsmuna félagsmanna. Félagið á samstarf við önnur samtök launafólks á Íslandi og tekur virkan þátt í starfi Norrænu kennarafélaganna.
  - Félagið skal jafnframt taka þátt í alþjóðlegu samstarfi kennara eftir tilefnum.
  - Félagið kalli reglulega eftir úrvinnslu efnis frá þátttöku KÍ á alþjóðavettvangi
  - Félagið kalli reglulega eftir því efnis og úrvinnslu þess sem þátttaka KÍ í alþjóðlegu samstarfi á að skila samtökunum.
- Á vegum félagsins eru tvö stöðugildi. Formaður er í fullu starfi. Stjórn metur á hverjum tíma hvernig hinu stöðugildinu er best varið.
- Félagið forgangsraðar verkefnum svo að stöðugildi og fjármunir nýtist sem best í þágu félagsfólks og leggur áherslu á skýra og einfalda meðferð við erindum og málum.
- Félagið starfrækir erindrektur við félagsdeildir í framhaldsskólum í þeim tilgangi að efla virkni í deildum. Erindrekar eru tengiliðir félagsdeilda og stjórnar félagsins.
- Félagsdeildir eru grunneiningarnar í skipulagi Félags framhaldsskólakennara. Félagsdeildir vinna að hagsmunamálum félagsmanna á vinnustað í samstarfi við félagið og Kennarasamband Íslands.
- Félagið leggur áherslu á að starfsumhverfi í framhaldsskólum sé í samræmi við lög og reglur um vinnuvernd, lög um jafnrétti kynjanna og jafnrétti í víðu samhengi. Kynjasamþætting skal höfð að leiðarljósi í öllum ákvörðunum og stefnumótun félagsins. Þannig skuli allar stefnumótandi ákvarðanir og fjárútlát miða við jafnan rétt kynjanna.

- Félagið styrkir félagsdeildir fjárhagslega og nýtir fjármuni sem best.
- Félagið fjallar um siðareglur kennara og notkun þeirra í ræðu og riti.

### Á tímabilinu 2014 - 2018 er lögð áhersla á eftirfarandi verkefni:

- Að styrkja stöðu og sjálfsákvörðunarrétt FF innan KÍ og auka þekkingu félagsmanna á starfi FF og KÍ með því að:
  - Formaður gæti hagsmuna FF innan KÍ og komi sjónarmiðum stjórnar FF á framfæri innan KÍ.
  - Hafa áhrif á þróun og starfsemi Kennarasambands Íslands.
  - Stjórn og formaður gæti að sjálfstæði aðildarfélaga verði unnið að breytingum á lögum KÍ
- Að gera kannanir á viðhorfum félagsfólks til félags-, kjara-, skóla- og starfsumhverfismála á eigin vegum og í samstarfi við Kennarasambandið, með því að:
  - Könnun verði framkvæmd einu sinni á kjörtímabilinu og unnin vorið 2016. Niðurstöður könnunar verði rýndar og gerðar tillögur um úrbætur þar sem það á við.
- Að efla umfjöllun og umræðu um kennarastarfið og skólamál á eigin vegum og í samstarfi við Kennarasambandið, með því að:
  - Félag framhaldsskólakennara haldi málþing um starf framhaldsskólakennarans í breyttu umhverfi. Þar skuli fjallað um menntun og starfsumhverfi framhaldsskólakennara.
  - Stjórn og formaður FF taki virkan þátt í umræðum um rannsóknir og matá framhaldsskólanum, eins og hvítbók um umbætur í menntun, Stöðu stærðfræðikennslu í framhaldsskólum, PISA og Talís.
- Að efla umfjöllun og umræðu um kennarastarfið og skólamál í samfélaginu. Með því að:
  - Senda reglulega fréttatilkynningar og ályktanir er varða ýmis málefni sem eru í brennidepli á hverjum tíma.
  - Hvetja félagsmenn til reglulegra greinaskrifa um fagleg, kjaraleg og félagsleg málefni og starfsumhverfi framhaldsskólakennara.

### Fræðslu- og kynningarmál

- Að hafa með höndum fræðslu- og upplýsingamiðlun fyrir félagsfólk á eigin vegum og í samstarfi við Kennarasambandið.
- Gefa út kynningarefni fyrir nýja kennara um félagsmál og kjaramál á eigin vegum og í samstarfi við Kennarasambandið.
- Að hafa með höndum fræðslu fyrir trúnaðarmenn á eigin vegum og í samstarfi við Kennarasambandið. Sérstök fræðsla verði skipulögð fyrir nýja trúnaðarmenn.
- Að gefa út fræðslu- og upplýsingaefni fyrir félagsdeildir.
- Að hafa með höndum fræðslu fyrir forystufólk félagsdeilda. Markmið fræðslu verði meðal annars að styðja forystufólk til í deildum. Að hvetja til aukinnar faglegrar umræðu um kennarastarfið innan félagsdeilda.

Kynningarefni fyrir nýja kennara skuli alltaf vera aðgengilegt á vef félagsins og uppfært reglulega.

Félagið sjái til þess að kynningarefni um stjórnarsýslulög og réttindi og skyldur opinberra starfsmanna verði aðgengilegt á vef KÍ.

Rauða eplið komi út að minnsta kosti einu sinni í mánuði og þess gætt að í Skólavörðunni sé komið á framfæri málefnum er snerta framhaldsskólástigið.

Félagið standi fyrir reglulegri fræðslu fyrir félagsmenn.

Kenni aðferðir og þjálfari fulltrúa í stjórn, samninganefnd og samstarfsnefndum um samningatækni og samningagerð.

### **Félagsmál**

- Að erindrekar heimsæki félagsdeildir a.m.k. einu sinni á ári og haldi fundi með forystufólki deilda eða almenna félagsfundu eftir tilefnum og aðstæðum og þar séu skipulagðir svæðafundir með forystufólki félagsdeilda um félagsmál og kjaramál til að efla tengsl milli deilda.
  - Formaður FF ásamt fulltrúa úr stjórn eða samninganefnd félagsins sinna erindrekstri á kjörtímabilinu og heimsækja hverja félagsdeild. a.m.k. einu sinni á ári.
  - Haustið 2015 skuli skipulagðir svæðafundir félagsdeilda.
- Að unnið sé eftir jafnréttis- og eineltisáætlunum í framhaldsskólum og að félagsfólk verði meðvitað um þær og notkun þeirra.
- Að tryggja að í skólunum séu fyrir hendi skýrir verkferlar um meðferð mála sem varða áreitni, þ.m.t. kynferðislega áreitni, einelti og ofbeldi í starfi þannig að ljóst sé hvert skal leita með mál og hvernig þau eru unnin.
  - Árlega skuli kallað eftir greinagerð frá hverjum skóla um framkvæmd eineltis- og jafnréttisáætlana, niðurstöður dregnar saman og sendar á félagsmenn.
  - Veita árleg jafnréttisverðlaun til þess skóla sem hefur skarað fram úr er varðar úrbætur í jafnréttismálum.

### **Kjara- og réttindamál**

Samninganefnd FF taki til endurskoðunar þær greinar í kjarasamningi sem lúta að hinum ýmsu réttindum félagsmanna, veikindarétti, orlofsrétti og fleira – beri saman við réttindi félagsmanna í BHM og hafi um slíkt samstarf við önnur aðildarfélög Kennarasambandsins.

Hugað sé sérstaklega að því að skýra ákvæði um vinnutíma námsráðgjafa í næstu kjarasamningum og hvernig fjallað er um störf þeirra.

Félagið geri kannanir meðal félagsmanna um líðan á vinnustað og stjórnunarhætti á hverjum stað og kynni niðurstöður fyrir stjórnendum. Framúrskarandi stjórnendur í framhaldsskólunum verði verðlaunaðir sem hvatning til góðra verka.

## Sérstök verkefni næstu tveggja ára:

### Veturinn 2014 – 2015

- Þungi vinnu félagsins fer á haustönn í gerð og kynningu vinnumats sem verður lagt í atkvæðagreiðslu í febrúar 2015. Á haustönninni skuli erindrektur miða að fræðslu um nýtt vinnumat og vinnu að því til félagsmanna og skuli kallað eftir þeirra viðhorfum til hinna ýmsu mála er það varða.
- Ljúka aðlögun kjarasamnings að breyttu vinnumati, verði nýtt vinnumat samþykkt.
- Hefðbundinn undirbúningur kjarasamninga verði nýtt vinnumat fellt.

### Veturinn 2015 – 2016

- Undirbúningur kjarasamninga 2016 – vinnufundur samninganefndar í ágúst 2015.
  - Þar verða lögð drög að endurskoðun kjarasamnings og uppfærslu. Samninganefnd rýni í kjarasamning FF og beri saman við samninga BHM og annarra aðildarfélaganna KÍ.
- Svæðafundir félagsdeilda haldnir haustið 2015.
- *Stjórn endurskoði starfsáætlun sína árið 2016*

## SKÓLAMÁLANEFND FF

Skólamálanefnd Félags framhaldsskólakennara er skipuð fimm fulltrúum samkvæmt lögum FF. Formaður er kosinn á aðalfundi félagsins. Faggreinafélög tilnefna fulltrúa í skólamálanefnd sem eru kosnir á sameiginlegum fundi formanna allra fagfélaganna á grundvelli skriflegra tilnefninga.

Hlutverk skólamálanefndar er samkvæmt 20. gr. laga FF:

- Fjalla um fagleg málefni og skólamál í samráði við stjórn félagsins og skólamálaráð KÍ
- Vinna að eflingu kennaramenntunar og símenntunar félagsmanna
- Annast tengsl við faggreinafélög og skólamálanefndir aðildarfélaganna KÍ og skólamálaráð KÍ.

### Helstu verkefni skólamálanefndar

Árið 2014 hefur skólamálanefnd FF unnið að fjölbreyttum verkefnum. Þeim má skipta í nokkra flokka.

Í upphafi starfsárs setti skólamálanefnd sér starfsáætlun fyrir kjörtímabilið 2014-2018. Aðalfundur FF 2014 samþykkti að gefin yrði út „Stefna Félags framhaldsskólakennara í skólamálum“ þar sem dregnar helstu áherslur FF í skólamálum væru dregnar út úr skólafundum KÍ. Á fulltrúafundi FF eru lögð fram rafræn drög að þessari stefnu sem verður aðgengileg á vef félagsins auk þess að verða send í alla skóla á næstu vikum. Skólamálanefnd FF kynnti sér hvítbók menntamálaráðherra og myndaði bakhóp við hóp sem fjallaði um námstíma. Í hópnum

sjálfum sátu Guðríður Arnardóttir formaður FF og Ólafur H. Sigurjónsson formaður FS sátu í fyrir framhaldsskólastigið

Þá tók skólamálanefnd þátt í vinnu stjórnar FF. Helstu málefni stjórnar sem nefndin tók fyrir voru að fylgjast með vinnu og nefndarstarfi vegna vinnu við vinnumat í kjölfar kjarasamninga 2014.

Formaður skólamálanefndar situr í framkvæmdastjórn skólamálaráðs KÍ og tekur þátt í vinnu þess. Í tengslum við starf skólamálaráðs KÍ hefur skólamálanefnd FF fylgst með vinnu starfshópa KÍ sem starfa í tengslum við verkefnahópa KÍ um hvítbók. Nánar má lesa um starfsemi skólamálaráðs í væntanlegri ársskýrslu KÍ.

Þar að auki er formaður skólamálanefndar fulltrúi FF í fagráði um símenntun og starfsþróun, í stjórn Samstarfsnefndar um endurmenntun framhaldsskólakennara, Í stjórn Þróunarsjóðs námsgagna og fulltrúi í ráðgjafahóp um íslenska hæfnirammann um um menntun sem kallaður er ISQF. Nánar má lesa um starfsemi fagráðs í væntanlegri ársskýrslu KÍ.

Það sem af er starfstímabilinu hefur skólamálanefnd FF fundað níu sinnum og eru fundargerðir aðgengilegar á vef félagsins.

## **STARF FÉLAGSDEILDA**

Starfsemi félagsdeilda FF var með hefðbundnu sniði á árinu. Anna María Gunnarsdóttir sérfræðingur FF í skóla- og félagsmálum sér um mál sem snerta félagsdeildirnar almennt og svarar spurningum formanna og sendir erindi frá félaginu þar sem óskað er eftir ýmsum upplýsingum og aðstoð.

### **Fjárframlög til félagsdeilda og almennar verklagsreglur**

Samkvæmt fjárhagsáætlun FF fyrir tímabilið 2014-2018 eru fimm milljónir kr. ætlaðar árlega til starfsemi félagsdeilda og setur stjórn FF reglur um skiptingu þessarar upphæðar milli þeirra. Deildirnar hafa skilað upplýsingum um starfsemina á haustin, ársreikningum og stöðu á bankareikningum og hafa þær deildir ekki fengið fjárframlög ef þær hafa þá átt innistæður á reikningum sínum sem samsvöruðu fjárframlagi fyrra árs til þeirra. Fjárframlög til deilda hafa skipst í eftirfarandi þætti:

1. Til félagsstarfs deilda. Helmingur skiptist jafnt milli deilda og helmingur í samræmi við fjölda félagsmanna FF í hverri deild.
2. Umbun til trúnaðarmanna hefur verið greidd í tvennu lagi, helmingur fyrir haustönn og helmingur fyrir vorönn. Ákveðinn hluti er tiltekin lágmarksþóknun vegna grunnstarfa trúnaðarmanna og skiptist jafnt milli þeirra. Hinum hlutanum er skipt milli deilda eftir fjölda félagsmanna FF í hverri deild.
3. Umbun til fulltrúa FF í samstarfsnefndum skóla er greidd eftir á miðað við tiltekinn hámarksfjölda funda og í samræmi við fjölda félagsmanna FF í deildinni, fundasetur eru greiddar í tvennu lagi, fyrir haustönn og vorönn. Formenn þurfa að senda skilagreinar

um fundi í samstarfsnefndum fyrir hvora önn. Greiddar eru kr. 2000 fyrir hvern aðalfulltrúa FF í samstarfsnefnd.

4. Umbun til formanna félagsdeilda. Fjárframlaginu hefur verið skipt í samræmi við fjölda félagsmanna FF í hverri deild.

Tilteknar verklagsreglur voru settar um notkun á þeim hluta fjárframlaga sem fer til félagsstarfs deilda sem byggjast á reglum KÍ um fjárframlög til svæðafélaga/félagsdeilda aðildarfélaga:

1. Kostnaður vegna stjórnar- og félagsfunda félagsdeildar.
2. Kostnaður vegna fræðslu eða fyrirlestra á félagsfundum deildar.
3. Önnur verkefni sem stjórn félagsdeildar ákveður og eru í þágu félagsstarfseminnar.

Þetta felur í sér að fjárframlögum til félagsstarfs ber ekki að verja til starfsemi sem hægt er að sækja um í Vísindasjóð FF/FS.

### **Upplýsingar um starfsemi félagsdeilda í framhaldsskólum veturinn 2014-2015**

Innan Félags framhaldsskólakennara (FF) eru 30 félagsdeildir starfandi veturinn 2014-2015. Upplýsingar í samantektinni eru byggðar á eyðublaði FF sem sent var með netpósti á formenn félagsdeilda í byrjun september 2014 og allar deildir skiluðu inn svörum á tímabilinu september til desember 2014.

### **Trúnaðarmenn**

Í öllum skólum eru félagslegir trúnaðarmenn starfandi og í 19 skólum situr hann í samstarfsnefnd en stjórn FF telur æskilegt að trúnaðarmenn eigi sæti í samstarfsnefnd. Í öllum skólum sem svöruðu var merkt við að öryggistrúnaðarmaður væri í skólanum en það er skylda þar sem eru tíu starfsmenn eða fleiri skv. lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum (nr. 46/1980). Þrír skólar svöruðu ekki hvort þar væri öryggistrúnaðarmaður. Í 21 skóla áttu kennarar einnig fulltrúa í öryggisnefnd skólans.

### **Helstu verkefni**

Hlutverk félagsdeilda er að vera málsvari félagsmanna FF á vinnustaðnum, vinna að kjara-, réttinda- og faglegum málefnum þeirra í samstarfi við FF og KÍ og kjósa fulltrúa á fulltrúafund og aðalfund FF og á þing KÍ. Helstu verkefni sem félagsdeildirnar nefna þennan vetur eru upplýsingagjöf vegna kjarasamninga og vinnumats, samstarf við samstarfsnefndir og vinna tengd stofnanasamningum, almenn félagsstörf (þ.m. kosning fulltrúa) og hagamunagæsla og fræðslufyrirlestrar.

### **ERLENT SAMSTARF - ÞÁTTTAKA FF Í STARFI FRAMHALDSSKÓLADEILDAR NLS**

Erlent samstarf Félags framhaldsskólakennara hefur einskorðast við þátttöku í framhaldsskóladeild NLS (Norrænu kennarasamtökin). Árið 2014 hafa Anna María Gunnarsdóttir og Guðríður Arnardóttir verið fulltrúar FF í því starfi. Almennu eru haldnir einn

til tveir fundir á ári sem færast á milli landanna. Árið 2014 voru haldnir tveir fundir í Finnlandi. Þema ársins 2014 var: Breytingar á framhaldsskólakerfinu á Norðurlöndunum og breytingar á kennarastarfinu Þeim samhliða. Þar sem fundirnir voru haldnir í Finnlandi var framhaldsskólakerfið þar sérstaklega kynnt og viðamikið kerfi samræmdra prófa.

Árið 2015 er haldinn einn fundur í Noregi og var hann haldinn í undangenginni viku. Þema ársins í ár er „Traust- leiðin að sterkari kennarastétt“ (Tillit - vägen till en starkare lärarprofession).

## **EINSTAKLINGAR Í TRÚNAÐARSTÖÐUM FYRIR FF**

### **Stjórn Félags framhaldsskólakennara**

- Guðríður Arnardóttir formaður
- Hanna Björg Vilhjálmsdóttir varaformaður
- Reynir Þór Eggertsson ritari
- Kjartan Þór Ragnarsson meðstjórnandi
- Guðný Lára Pétursdóttir meðstjórnandi

### **Kjörnir fulltrúar í samninganefnd**

- Brynjólfur Eyjólfsson
- Guðbjörn Björgólfsson
- Kolbrún Elfa Björnsdóttir
- Sigrún Lilja Guðbjörnsdóttir
- Sólveig Ebba Ólafsdóttir

Stjórn og kjörnir fulltrúar í samninganefnd mynda sameiginlega samninganefnd FF.

### **Skólamálanefnd FF**

Anna María Gunnarsdóttir formaður  
Hólmfríður Sigþórsdóttir  
Leifur Ingi Vilmundarson  
Magnús Hlynur Haraldsson  
Kristen Mary Swenson

<b>Fulltrúi FF í Sjúkrasjóði</b>	Ásdís Auðunsdóttir, Menntaskólanum í Reykjavík
<b>Framboðsnefnd KÍ</b>	Sólveig Friðriksdóttir, Verzlunarskóla Íslands
<b>Stjórn Orlofssjóðs</b>	Guðmundur Björgvin Gylfason, FSU
<b>Stjórn Vinnudeilusjóðs</b>	Guðbjörn Björgólfsson, FB er jafnframt formaður



## Stjórn Vísindasjóðs

- Erla Elín Hansdóttir, Kvennaskólanum
- Gísli Þór Sigurðsson, Menntaskólanum við Sund

## Kjörstjórn

- Lóa Steinunn Kristjánsdóttir Menntaskólanum við Sund
- Sigurður Ingi Andrésson Tækniskólanum
- Halldís Ármannsdóttir Fjölbrautaskólinn í Breiðholti

## Uppstillingarnefnd

- Anna Sigríður Davíðsdóttir Menntaskólanum á Akureyri
- Guðjón Ragnar Jónasson Menntaskólanum í Reykjavík
- Halldóra Sigríður Sigurðardóttir Menntaskólanum í Hamrahlíð

## Skoðunarmenn reikninga

- Ásdís Ingólfssdóttir Kvennaskólanum í Reykjavík
- Garðar Þór Garðarsson Fjölbrautaskóla Suðurnesja

Varamaður í stjórn FF, Elías Þorsteinsson (VMA) baðst lausnar á árinu og mun Fulltrúafundur ársins 2015 kjósa annan varamann í hans stað.

## REKSTUR SKRIFSTOFU

Vegna vinnu og kynningar um nýtt vinnumat fær FF sérstök framlög úr ríkissjóði. Innan þeirra rúmast kostnaður við kynningu á nýju vinnumati, laun til fulltrúa KÍ í Verkefnisstjórn um vinnumat og laun fyrir starfsmann á vegum FF til 12 mánaða.

Reynir Þór Eggertsson var ráðinn til FF frá 1. janúar 2015 í hálfu stöðu í 6 mánuði. Verkefni Reynis er stuðningur vegna innleiðingar nýs vinnumats og önnur verkefni sem falla til á hverjum tíma.

Elna Katrín Jónsdóttir sérfræðingur í kjaramálum verður í 75% starfi til 1. ágúst en eftir það verður hún í 50% starfi.

Anna María Gunnarsdóttir formaður skólamálanefndar er eins og áður í 50% starfi og formaður FF í 100% starfi.

KÍ hefur fram til þessa verið með lögfræðing í 50% starfi á mótum BHM. Sú breyting varð á í vetur að Erna Guðmundsdóttir lögfræðingur KÍ er nú 100% starfsmaður BHM en til KÍ var ráðin Anna Rós Sigmundsdóttir lögfræðingur í fulla stöðu frá 1. febrúar.

## Starfsfólk Félags framhaldsskólakennara

- Guðríður Arnardóttir, formaður
- Anna María Gunnarsdóttir, sérsvið skólamál
- Elna Katrín Jónsdóttir, sérsvið kjara- og réttindamál
- Reynir Þór Eggertsson, sérsvið vinnumat

Reykjavík 17. mars 2015

---

Guðríður Arnardóttir

---

Hanna Björg Vilhjálmsdóttir varaformaður

---

Reynir Þór Eggertsson ritari stjórnar

---

Guðný Lára Pétursdóttir meðstjórnandi

---

Kjartan Þór Ragnarsson meðstjórnandi